

# Ársskýrsla Mosfellsbæjar

2023

Mosfellsbær

# Bæjarstjórn Mosfellsbæjar



Bæjarstjórn fer með stjórn bæjarins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Í bæjarstjórn Mosfellsbæjar sitja bæjarfulltrúar sem sækja umboð sitt til kjósenda á fjögurra ára fresti. Með meirihluta í bæjarstjórn Mosfellsbæjar kjörtímabilið 2022-2026 fara fulltrúar B, S og C lista. Bæjarstjórn skipa þau:

Halla Karen Kristjánsdóttir (B)
Ásgeir Sveinsson (D)
Aldís Stefánsdóttir (B)
Jana Katrín Knútsdóttir (D)
Dagný Kristinsdóttir (L)
Sævar Birgisson (B)
Rúnar Bragi Guðlaugsson (D)
Anna Sigríður Guðnadóttir (S)
Örvar Jóhannsson (B)
Lovísa Jónsdóttir (C)
Helga Jóhannesdóttir (D)

Bæjarstjóri Mosfellsbæjar er Regína Ásvaldsdóttir
Bæjarlögmaður Mosfellsbæjar og ritari bæjarstjórnar er Þóra Margrét Hjaltested.

# Yfirstjórn Mosfellsbæjar

Þóra Margrét Hjaltested bæjarlögmaður

Arnar Jónsson sviðsstjóri menningar-, íþrótta og lýðheilsusviðs

Jóhanna Hansen sviðsstjóri umhverfissviðs

Pétur Lockton sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri

Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir skrifstofustjóri umbóta og þróunar

Gunnhildur Sæmundsdóttir sviðsstjóri fræðslu- og frístunda

Kristján Þór Magnússon sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfis

Sigurbjörg Fjölnisdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs



# Efnisyfirlit

Ávarp bæjarstjóra

Mosfellsbær í hnotskurn

Starfsemi og þjónusta

Rekstur



# Ávarp bæjarstjóra

Kæru lesendur,

Ársskýrsla Mosfellsbæjar fyrir árið 2023  lítur nú dagsins ljós og er markmiðið að veita betri innsýn í rekstur og starfsemi sveitarfélagsins. Við skilum ársreikningi á hverju ári eins og lögbundið er en við vildum líka gera tilraun til að varpa ljósi á innihald starfseminnar og þróun málaflokka.

Árið 2023 var ár umbreytinga hjá Mosfellsbæ en bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti stjórnkerfisbreytingar og nýtt skipurit meðal annars með það að markmiði að auka stafræna þjónustu og upplýsingagjöf til bæjarbúa.

Á árinu 2023 tók Mosfellsbær yfir rekstur Skálatúns, bæði sambýli og íbúðakjarna þar sem 32 einstaklingar bjuggu þann 1. júlí. Stofnað var sjálfseignarfélag um eignir og lóðir og er markmiðið að byggja upp þjónustu við börn og ungmenni á svæðinu.

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðsins var sett á laggirnar á árinu og Mosfellsbær tók yfir starfsemi Hlégarðs. Þá voru fjölmargar framkvæmdir í gangi í Mosfellsbæ, meðal annars gatnagerð, bygging nýs leikskóla í Helgafellshverfi hafin, stórfelldar endurbætur á Kvíslarskóla og endurnýjun á gervigrasvellinum við Varmá.

Sveitarfélagið skilaði jákvæðri rekstrarniðurstöðu upp á 340 milljónir króna í mjög erfiðu vaxtaumhverfi og munaði þar miklu um sölu lóða í Helgafellshverfi.

Ég vil nota tækifærið og þakka okkar frábæra starfsfólki hjá Mosfellsbæ fyrir þeirra framlag til sveitarfélagsins á árinu 2023 því á bak við allar þessar tölur er þjónusta við íbúa bæjarins sem okkar fólk sinnir af kostgæfni.

Form og innihald ársskýrslunnar er í þróun en það er von okkar að þessi fyrsta ársskýrsla veiti okkur góða yfirsýn yfir rekstur og þjónustu Mosfellsbæjar á árinu 2023.

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri

# Efnisyfirlit


Ávarp bæjarstjóra

Mosfellsbær í hnotskurn

Starfsemi og þjónusta

Rekstur




# Mosfellsbær í hnotskurn

**86** einstaklingar í samræmdri móttöku flóttafólks

**724** stöðugildi hjá Mosfellsbæ á árs-grundvelli

**20.305** milljarðar heildartekjur bæjarins

**529** tilkynningar bárust til barnaverndar

**2.719** börn í leik- og grunnskólum

**152,4** kg af úrgangi á íbúa

**593.194** heimsóknir í íþróttamiðstöðina að Lágafelli

**11** stór stafræn verkefni innleidd, auk smærri verkefna

**16** viðburðir haldnir að jafnaði í hverjum mánuði í Hlégarði

# Íbúaþróun

## Íbúafjöldi eftir kyni**




## Íbúafjöldi 2014-2024







voru alls íbúar Mosfellsbæjar




íbúa voru börn 17 ára og yngri




íbúa voru 67 ára og eldri




íbúa voru með erlent ríkisfang

*Miðað er við íbúafjölda 1. janúar ár hvert

**Kvár eru inni í tölfræðinni en eru það fáir einstaklingar að þeir eru ekki sundurgreindir í tölfræði

# Efnisyfirlit


Ávarp bæjarstjóra

Mosfellsbær í hnotskurn

Starfsemi og þjónusta

Rekstur




# Starfsemi og þjónusta

## Fræðslu- og frístundamál
Grunnskólar, leikskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, Listaskóli og stoðþjónusta skóla.

## Velferðarmál
Þjónusta við fatlað fólk, eldri borgara og flóttafólk, félagsleg húsnæðismál, barnavernd og önnur félagsleg þjónusta.

## Menningar-, íþrótta- og lýðheilsumál
Íþróttamál, bókasafn, listasalur og lýðheilsumál.

## Umhverfismál
Sorpmál, skipulagsmál, byggingarmál, umferðar- og samgöngumál, garðyrkja, snjómokstur o.fl.

## Stoðsvið
Fjármála- og áhættustýringarsvið, mannauðs- og starfsumhverfissvið, skrifstofa umbóta og þróunar og skrifstofa bæjarlögmanns.

Stjórnkerfisbreytingar voru samþykktar í maí 2023 og tóku gildi 1. september. Málaflokkar skiptast niður á fjögur málefnasvið og fjögur stoðsvið/skrifstofur.



# Fræðsla og frístundir



# Fræðsla og frístund

Undir málaflokkinn fellur rekstur og þjónusta:

- fimm grunnskóla
- listaskóla
- sex leikskóla auk tveggja samrekinna leik- og grunnskóla
- vinnuskóla
- fimm frístunda í skólum
- stoðþjónustu skóla, þ.m.t. skóla- og ráðgjafaþjónustu



# Grunnskólar

Í Mosfellsbæ eru starfræktir fimm grunnskólar: Helgafellsskóli, Krikaskóli, Kvíslarskóli, Lágafellsskóli og Varmárskóli. Þar af eru Krikaskóli og Helgafellsskóli samreknir með leikskólum.




er fjölgun grunnskólabarna frá árinu 2013




grunnskólabarna var skráð í mötuneyti




barna í Mosfellsbæ eru ÍSAT-nemendur (íslenska sem annað tungumál), 25% þeirra hafa dvalið á Íslandi skemur en tvö ár

Fjöldi barna í grunnskólum




Fjöldi barna í hverjum skóla 2023



# Leikskólar og dagforeldrar

- Í Mosfellsbæ eru starfræktir átta leikskólar: Hlaðhamrar, Hlíð, Hulduberg, Höfðaberg, Leirvogstunguskóli og Reykjakot auk samreknu leik- og grunnskólanna í Helgafellsskóla og Krikaskóla.
- Mosfellsbær er einnig með þjónustusamning við LFA (Leikskóli fyrir alla) sem rekur Fossakot og Korpukot um leikskólapláss fyrir börn úr Mosfellsbæ.
- Dagforeldrar eru sjálfstætt starfandi verktakar hjá Mosfellsbæ. Foreldrar greiða sama gjald hjá dagforeldrum frá 12 mánaða aldri barns eins og í leikskólunum. Er það gert til að jafna kostnað foreldra við dagvistun barna sinna óháð þjónustuleið.

Þróun fjölda barna í leikskólum







er fjölgun barna í leikskólum milli ára

dagforeldrar voru starfandi á árinu 2023

börn voru í vist hjá dagforeldrum

Fjöldi barna í hverjum leikskóla 2023



# Frístund

- Frístund er starfrækt við alla grunnskóla Mosfellsbæjar fyrir nemendur í 1.–4. bekk.
- Meginhlutverk frístundar er að bjóða nemendum innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali.

**100%** forstöðufólks í frístund Mosfellsbæjar eru með fagmenntun

**494** börn voru í frístund árið 2023

Þátttaka í frístund 1. október 2023



# Frístundaávísun

- Mosfellsbær styrkir frístundaiðkun allra barna og unglinga 5–17 ára og eldri borgara sem eru 67 ára og eldri með greiðslu frístundaávísunar.




barna 5–17 ára nýta frístundaávísunina




eldri borgara nýta frístundaávísunina




grunnskólabarna nýta frístundaávísunina

Nýting frístundaávísunar barna og unglinga eftir aldri og kyni



# Listaskólinn

1
útskrifaðist úr Suzuki-fiðlunámi

5
nemendur luku miðnámi

21
nemandi lauk grunnnámi

38
luku stigsprófum

28
nemendur til viðbótar luku grunn- og miðnámi á hljóðfæri eða í tónfræði

10 algengustu hljóðfærin í Listaskólanum




Fjöldi barna í Listaskólanum



# Félagsmiðstöðvar og vinnuskóli

- Í Mosfellsbæ er félagsmiðstöðin Bólið starfrækt á þremur starfsstöðvum; í Helgafellsskóla, Lágafellsskóla og við Varmár- og Kvíslarskóla.
- Á sumrin starfrækir Mosfellsbær vinnuskóla sem ætlaður er fyrir ungmenni í 8.–10. bekk.

**10–16** ára er aldurshópurinn sem sækir Bólið

**67%** unglinga í 8.–10. bekk eru í vinnuskólanum



# Skóla- og ráðgjafaþjónusta

- Skóla- og ráðgjafaþjónusta tekur annars vegar til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólks þeirra.
- Innan skóla- og ráðgjafaþjónustunnar starfa m.a. sálfræðingar, talmeinafræðingar, kennsluráðgjafi, leikskólaráðgjafi, sérkennarar, iðjuþjálfar og þroskaþjálfar.

Fjöldi barna í skóla- og ráðgjafaþjónustu skólaárið 2022–2023 eftir skólastigi




**14%** barna í leik- og grunnskólum á skólaárinu 2022–2023 nýttu sér skóla- og ráðgjafaþjónustu

**169** greiningar-próf voru lögð fyrir

**206** nýttu sér ráðgjafa-þjónustu

# Velferð



# Velferð

Undir málaflokkinn fellur fjölbreyttur rekstur og þjónusta við:

- fatlað fólk
- eldra fólk
- félagslegt húsnæði
- barnavernd
- flóttafólk
- fjölbreytta félagsþjónustu



# Fötluð börn

- Mosfellsbær leggur ríka áherslu á að standa vörð um rétt fatlaðra barna til að njóta þjónustu til jafns við önnur börn.
- Mosfellsbær rekur frístundaklúbbinn Úlfinn, heimili fyrir börn í skammtímadvöl í Hulduhlíð ásamt því að notast við þjónustu skammtímadvala í Móaflöt, Hnotubergi og Hrauntungu.
- Önnur þjónusta sem veitt er fötluðum börnum er einstaklings-stuðningur, stuðningsfjölskyldur, akstursþjónusta, beingreiðslur og NPA-samningar, tilsjón inni á heimili og fjölskylduráðgjöf.

36

börn nýta sér þjónustu stuðningsfjölskyldna

42

börn nýta sér einstaklingsstuðning í hverjum mánuði



# Fullorðið fatlað fólk

- Mosfellsbær býður fjölbreytta þjónustu fyrir fatlað fólk með það að markmiði að fólk fái þann stuðning sem það þarf til þess að geta notið fullra mannréttinda til jafns við aðra. Sú þjónusta er m.a. stuðningsþjónusta, akstursþjónusta, akstursþjónusta, NPA þjónusta, virkniúrræði, áfangaheimili og búsetuþjónusta. Að auki er lögð rík áhersla á að veita sérhæfða ráðgjöf og einstaklingsbundið þjónustumat.
- Þann 1. júlí 2023 tók Mosfellsbær yfir rekstur sjálfseignar-stofnunarinnar Skálatúns. Þar með bættust við þjónustu velferðarsviðs 32 íbúar, 100 starfsmenn í 70 stöðugildum, sex íbúðakjarnar og ein dagþjónusta.

Á árinu 2023 var tekin fyrsta skóflustungan að nýjum búsetukjarna fyrir fatlað fólk. Áætlað er að íbúar flytji inn haustið 2024.

**107** einstaklingar nýta sér akstursþjónustu

**10** einstaklingar eru með NPA-samning og þrír með beingreiðslusamning

**9** búsetukjarnar eru fyrir fatlað fólk

**56** íbúar búa í búsetukjörnum

# Eldri borgarar

- Þjónusta til eldri borgara er að miklu leyti veitt frá Eirhömrum. Meðal þjónustu sem er í boði er heimaþjónusta, félagslegt innlit, heimsendur matur, akstursþjónusta og dagdvöl. Auk þess er starfrækt öflugt félagsstarf í Eirhömrum og Hlégarði.

- Umsókn Mosfellsbæjar í Gott að eldast, samvinnuverkefni Mosfellsbæjar, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Eirar hjúkrunarheimilis, var samþykkt á árinu. Markmið verkefnisins er að efla þjónustu og auka samstarf þjónustuaðila.









# Flóttafólk

- Þann 1. febrúar 2023 undirritaði Mosfellsbær samning við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks. Með samningnum skuldbatt Mosfellsbær sig til að taka á móti allt að 80 einstaklingum fyrir lok janúar 2024. Í lok árs 2023 voru rúmlega 60 einstaklingar í samræmdri móttöku en mun fleiri höfðu farið í gegnum verkefnið á árinu.
- Fjölbreyttur hópur fólks hefur komið inn í móttökuna, bæði einstaklingar og fjölskyldufólk frá Afganistan, Nígeríu, Palestínu, Sómalíu, Sýrlandi, Tyrklandi, Úkraínu og Venesúela.

Flóttafólk í samræmdri móttöku 1. okt 2023







heildarfjöldi einstaklinga sem fór í gegnum samræmda móttöku flóttafólks árið 2023 í Mosfellsbæ

# Félagsþjónusta

Flestir þeirra sem þurfa að nýta fjárhagsaðstoð fá slíka aðstoð í 1–3 mánuði og mun færri þurfa langtímastuðning.

Umsókn um fjárhagsaðstoð varð stafræn á árinu. Í því felst mikill tímasparnaður, verklagi var breytt og einstaklingar þurfa ekki lengur að skila gögnum sjálfir.

- Mosfellsbær veitir íbúum fjölbreytta félagslega þjónustu, t.d. félagslega ráðgjöf og fjárhagsaðstoð auk þess að styðja fólk í fjölbreyttum virkniúrræðum.

Fjöldi umsókna um ráðgjöf um velferðarþjónustu




Fjöldi einstaklinga á fjárhagsaðstoð



# Félagslegt húsnæði

- Framboð á félagslegu leiguhúsnæði, til þeirra sem ekki geta séð sér húsnæði á almennum markaði, er lögbundið verkefni sveitarfélaga. Úthlutun leiguíbúða og ráðgjöf vegna húsnæðismála tekur mið af þörfum einstaklinga hverju sinni.
- Mosfellsbær veitir sérstakan húsnæðisstuðning sem kemur til viðbótar almennum húsnæðisbótum, til að aðstoða við íþyngjandi leigukostnað.

Á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði




Félagslegar leiguíbúðir í heild




Sérstakur húsnæðisstuðningur – fjöldi umsókna



# Barnaverndarþjónusta

- Barnavernd vinnur með foreldrum og börnum að bættum aðstæðum og leitar lausna og úrræða í erfiðum málum. Barnavernd er í samvinnu við skóla, heilbrigðiskerfi, lögreglu, velferðarþjónustu og alla þá sem vinna með börnum.







tilkynningar bárust til barnaverndar




fjöldi barna sem tilkynnt var um til barnaverndar




fjöldi mála sem fór í könnun og málsmeðferð hjá barnavernd

# Farsæld barna

- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi í janúar 2022 og er innleiðingartíminn áætlaður 3–5 ár. Aðalmarkmið laganna er samþættari og betri þjónusta við börn og fjölskyldur þeirra með aukinni samvinnu þeirra aðila sem koma að þjónustu við börn.
- Þjónustan skiptist í þrjú stig og hefur þjónusta Mosfellsbæjar verið þrepaskipt á öllum þremur stigum. Í hverju þrepi er góð skilgreining á þeim skrefum sem tekin eru og hlutverk starfsfólks vel skilgreint.
- Á árinu var ráðinn leiðtogi farsældar barna, sem hóf störf í upphafi árs 2024, og skipaðir voru tengiliðir farsældar í grunn- og leikskólum, auk málstjóra á velferðarsviði.

**1. stig** grunnþjónusta sem á sér stað í grunn- og leikskólum auk mæðraverndar á heilsugæslunni.

**2. stig** skóla- og ráðgjafaþjónusta og þjónusta velferðarsviðs.

**3. stig** m.a. barnavernd og önnur sértæk úrræði, s.s. Barna- og unglingageðdeild Landspítalans.




mála eru á 1. stigi




mála eru á 2. og 3. stigi

# Barnvænt sveitarfélag

- Mosfellsbær vinnur að innleiðingu á verkefninu Barnvænt sveitarfélag í samvinnu við UNICEF á Íslandi í fyrsta sinn.
- Barnvæn sveitarfélög er alþjóðlegt verkefni (e. Child Friendly Cities Initiative) sem hefur það að markmiði að bæta aðstæður barna og tryggja að ávallt sé tekið tillit til réttinda þeirra og unnið sé samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í allri ákvarðanatöku, stefnu og vinnu innan sveitarfélagsins.
- Markmiðið með innleiðingu á Barnvænu sveitarfélagi er að eiga markvisst samráð og samvinnu við börn og ungmenni varðandi þjónustu sveitarfélagsins.
- Á árinu 2023 var unnið að stöðumati í 2. skrefi.



# Menning, íþróttir og lýðheilsa



# Menning, íþróttir og lýðheilsa

Undir málaflokkinn fellur rekstur og þjónusta:

- sundlauga
- íþróttamannvirkja
- styrkja til íþróttafélaga
- lýðheilsu
- bókasafns og Listasalar
- félagsheimilisins Hlégarðs



# Menning

**4.4** milljónum var úthlutað úr lista- og menningarsjóði til 13 verkefna

**100** viðburðir voru á dagskrá bæjarhátíðarinnar Í túninu heima

**16** viðburðir voru haldnir í Hlégarði að jafnaði í hverjum mánuði



# Bókasafn og Listasalur

- Fjölbreyttir viðburðir voru fyrir börn í bókasafninu á árinu, frá sögustundum og upplestrum höfunda til vandaðra smiðja og leiksýninga.
- Allir viðburðir fyrir börn í safninu eru þátttakendum að kostnaðarlausu.

Skipulagðar heimsóknir leikskólabarna á bókasafnið




**43.928** bækur fóru í útlán á árinu

**2.090** voru virkir lánþegar á bókasafninu

**10** listasýningar voru haldnar í Listasalnum

**18%** viðskiptavina afgreiddu sig sjálfir í sjálfsafgreiðslu á bókasafninu

# Íþróttir og lýðheilsa

223.504 skelltu sér í sund í Lágafellslaug á árinu

593.194 heimsóknir í íþróttamiðstöðina að Lágafelli

39.500 fóru í sund í Varmárlaug á árinu

2.228 iðkendur eru í Aftureldingu og hafa aldrei verið fleiri

45 af yngri iðkendum Aftureldingar komu við sögu í landsliðsverkefnum

260 stunduðu reglulega íþróttir af fjölbreyttu tagi í FAMOS (Félagi aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni)

2.300 félagar eru í Golfklúbbi Mosfellsbæjar

5.628 iðkendur eru skráðir í íþróttafélög í Mosfellsbæ

Borðtennisfélag Mosfellsbæjar var stofnað á árinu

# Umhverfi



# Umhverfismál

Undir málaflokkinn fellur rekstur og þjónusta:

- skipulags- og byggingarmála
- MosVeitna
- rusls og sorphirðu
- Eignasjóðs
- garðyrkju
- snjóhreinsunar
- götulýsingar
- gatna og göngustíga



# Þjónustustöð

**6.210** km af stígum og götum eru mokaðir í snjómokstri að meðaltali á hverjum vetri

**444.945** $m^2$ af bæjarlandi eru slegnir af garðyrkjudeild í a.m.k. eitt skipti á hverju sumri

**1.295** ábendingar frá íbúum voru leystar af starfsfólki þjónustustöðvar

**152,4** kg er meðaltal af úrgangi á hvern íbúa



# Þjónustustöð – ábendingar frá íbúum

Fjöldi ábendinga eftir flokkun




Viðbragðstími þjónustustöðvar við ábendingum



# Skipulags- og byggingarmál

**21** deiliskipulag samþykkt

**7** grenndarkynningar samþykktar

**30.000** er áætlaður íbúafjöldi sveitarfélagsins skv. nýju aðalskipulagi sem kynnt var 2023

- Fjölgun íbúa í Mosfellsbæ á undanförnum árum hefur verið í sögulegu hámarki en á árunum 2013–2023 fjölgaði íbúum um 49,6%.
- Fjöldi nýrra íbúða sem teknar hafa verið í notkun á árunum 2021–2023 eru 234 talsins.
- Byggingarfulltrúa barst 141 erindi á árinu 2023, sbr. 124 árið 2022 og 182 árið 2021.
- Um miðjan ágúst 2023 tók byggingarfulltrúi í notkun rafrænar innsiglanir á teikningar. Þessu fylgir mikill sparnaður í pappír og tíma starfsfólks sem og notenda.

1.301 km var sparaður

58 bílferðir voru sparaðar

165,2 kg minna kolefnisspor

# MosVeitur



Notkun á vatni – lítrar á sekúndu
72
75
89
146
143
154
102
99
103
Kalt
Heitt
Skólp
2021
2022
2023




Rúmmetrar á ári af vatni notaðir
Kalt
2.810.804
2.378.760
2.268.384
Heitt
4.845.605
4.512.756
4.601.379
Skólp
3.240.465
3.135.922
3.207.972
2023
2022
2021

# Stoðsvið



# Stoðsvið

**Skrifstofa umbóta og þróunar** annast samhæfingu verkefna þvert á svið, innleiðingu umbótaverkefna, upplýsingatækni og vefmál, upplýsingamiðlun, stafræna þróun og atvinnu- og ferðamál.

**Fjármála- og áhættustýringarsvið** ber ábyrgð á öllum fjármálatengdum verkefnum en til viðbótar fékk sviðið aukið hlutverk í innkaupamálum, áhættugreiningum og eftirliti með rekstri.

**Mannauðs- og starfsumhverfissvið** ber ábyrgð á mannauðstengdum verkefnum, launamálum og starfsumhverfi auk rekstrar og þjónustuverkefna, þ.m.t. þjónustuveri.

**Skrifstofa bæjarlögmanns** veitir lögfræðilega ráðgjöf í starfsemi Mosfellsbæjar. Hún ber ábyrgð á uppbyggingar-samningum, úthlutun lóða, undirbúningi funda bæjarráðs og bæjarstjórnar auk ábyrgðar á samhæfingu samþykkta og reglna m.t.t. góðra stjórnarhátta.

**Innri endurskoðun** er ný eining í skipuriti Mosfellsbæjar. Í upphafi er gert ráð fyrir að hlutverki innri endurskoðunar verði útvistað. Bæjarlögmaður er tengiliður við innri endurskoðun fyrir hönd bæjarráðs.

# Umbótaverkefni

Strategía vann stjórnkerfis- og rekstrarúttekt á Mosfellsbæ á árinu 2023 og lagði til fjölda umbótaverkefna:

**74** umbótaverkefni voru lögð til í stjórnsýslu- og rekstrarúttekt Strategíu

**55** voru heildarumbótaverkefnin eftir yfirferð og sameiningu verkefna

**9** verkefnum var lokið 2023

1. Innleitt var nýtt skipurit sem endurspeglar nútímaáherslur sveitarfélaga.
2. Yfirstjórn Mosfellsbæjar var formgerð.
3. Fjöldi nefnda var rýndur og verkefni þeirra og heiti voru uppfærð til samræmis við nýtt skipurit.
4. Fjármagn var tryggt í stafræna vegferð.
5. Samþykkt var ferli við mótun stefna og að aðgerðaáætlun fylgi stefnum.
6. Stjórnendaþjálfun var í tengslum við nýtt skipurit.
7. Þjónustuver var endurskipulagt.
8. Keyptur var kannanahugbúnaður til að framkvæma þjónustukannanir.
9. Ábendingavefur var lagfærður.

# Stafræn verkefni 2023

**11** stafræn verkefni
voru innleidd á árinu 2023
auk smærri verkefna

- Stafræn umsókn um fjárhagsaðstoð
- Vala sumarfrístund
- Rafrænar undirskriftir á leigusamninga
- Mosi – stafrænt vinnuafl
- Innsiglanir byggingarfulltrúa
- SMS-áminningar
- Launaseðlar á Ísland.is
- Móttökukerfi
- Allir í Vinnustund
- Kortlagning farsældar á rafrænt form
- Vala leikskóli

# Mannauður og starfsumhverfi

viðverukerfið
Vinnustund var
innleitt fyrir allt
starfsfólk

43

ár er meðalaldur
starfsfólks
Mosfellsbæjar

8

starfsmenn hafa starfað
fyrir Mosfellsbæ í meira
en 35 ár



# Efnisyfirlit


Ávarp bæjarstjóra

Mosfellsbær í hnotskurn

Starfsemi og þjónusta

Rekstur




# Reksturinn í hnotskurn 2023

**20.305 m.kr.** voru rekstrartekjur ársins, aðeins meiri en áætlun gerði ráð fyrir

**17.621 m.kr.** voru rekstrargjöld ársins, aðeins meiri en áætlað var

**1.733 m.kr.** var fjármagnskostnaður ársins, hærri en áætlað var

**3.548 m.kr.** voru heildarfjárfestingar ársins

**94,5%** var skuldaviðmiðið, lækkaði úr 104,4% frá fyrra ári

**1.935 m.kr.** var veltufé frá rekstri og hækkaði frá fyrra ári

**341 m.kr.**

Rekstrarafgangur 2023

# Rekstrartekjur

**Útsvar og tekjuskattur**
Álagningarhlutfall útsvars 2023 var 14,74% og námu útsvarstekjur 10.394 m.kr. Tekjur af fasteignaskatti og lóðaleigu námu 1.591 m.kr.

**Framlög úr Jöfnunarsjóði**
Framlög Jöfnunarsjóðs námu 3.478 m.kr.

**Þjónustugjöld**
Tekjur af þjónustugjöldum námu 4.924 m.kr.

**Heildartekjur**
Heildartekjur Mosfellsbæjar 2023 voru 20.305 m.kr.



# Rekstrargjöld

Stöðugildum fjölgaði um 70 milli áranna 2022 og 2023 vegna tilfærslu þjónustu Skálatúns til Mosfellsbæjar

Annar rekstrarkostnaður hækkar í takt við aukin umsvif sveitarfélagsins

Heildarrekstrargjöld Mosfellsbæjar árið 2023 voru 17.621 m.kr.



# Fjárfestingar



# Rekstrarreikningur

| | Ársreikningur 2023 | Áætlun 2023 með viðaukum | Ársreikningur 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Útsvar og fasteignaskattur | 11.903 | 11.727 | 10.366 |
| Framlög jöfnunarsjóðs | 3.478 | 3.257 | 2.749 |
| Aðrar tekjur | 4.924 | 4.701 | 3.331 |
| | **20.305** | **19.685** | **16.446** |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 9.466 | 9.406 | 8.062 |
| Lífeyrisskuldbinding | 433 | 216 | 244 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7.721 | 7.634 | 6.715 |
| | **17.620** | **17.256** | **15.021** |
| Afskriftir | -590 | -598 | -597 |
| **Niðurstaða án fjármagnsliða** | **2.094** | **1.831** | **828** |
| Fjármagnstekjur og -gjöld | -1.733 | -1.337 | -1.707 |
| Tekjuskattur | -20 | -28 | -19 |
| **Rekstrarniðurstaða** | **341** | **466** | **-898** |



Útgefandi:
Mosfellsbær
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Ljósmyndir:
Gunnar Freyr Steinsson ljósmyndari
Gunnar Freyr Jónsson ljósmyndari hjá Thule Photo

Mosfellsbær